



## REGLUGERÐ UM STIGAMÓT

### 1. kafli

#### 1. gr.

GSÍ gengst fyrir stigamótaröð sem samanstendur af Íslandsmótinu í golfi, Íslandsmótinu í holukeppni, auk sex annarra móta.

Keppnistímabil stigamóta er frá ágúst til ágúst árið eftir. Mótin eru eftirfarandi:

- Tvö haustmót.
- Tvö vormót.
- Íslandsmótið í holukeppni.
- Eitt sumarmót, með takmörkuðum fjölda keppenda.
- Íslandsmótið í golfi.
- Lokamót, með takmörkuðum fjölda keppenda.

#### 2. gr.

Stjórn GSI skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Hún skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari skal hafa landsdómararéttindi.

#### 3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þátttökugjöld og sér sá klúbbur um innheimtu sem heldur mótið á hverjum tíma. Þátttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið. GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim keppnisvöllum sem mótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

#### 4. gr.

Þátttakendur skulu tilkynna um þátttöku til þess klúbbs sem mótið heldur a.m.k. 3 dögum fyrir fyrsta mótsdag (t.d. í síðasta lagi kl. 23:59 á þriðjudegi ef mótið hefst á föstudegi). Mótsstjórn getur þó heimilað þátttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.



#### 5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótunum. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

#### 6. gr.

Reglur um greiðslu þátttökugjalda og endurgreiðslu þeirra skulu koma fram í upplýsingum um mótið á [golf.is](http://golf.is).

### 2. kafli

#### 7. gr.

Keppt er í flokki karla og kvenna. Þátttökurétt í stigamótum hafa kylfingar, áhugamenn sem atvinnumenn. Keppendur skulu vera félagar í viðurkenndum golfklúbbi. Mótsstjórn ákvarðar hámarksfjölda keppenda og skal tilhögun mótsins auglýst í keppnisskilmálum og með hæfilegum fyrirvara.

Hafi fleiri almennir keppendur skráð sig til leiks en mótsstjórn hefur ákveðið sem hámarksfjölda skulu þeir keppendur er hafa lægstu forgjöf hafa forgang. Standi val milli keppenda með jafnháa forgjöf, skal hlutkesti ráða. Mótsstjórn er heimilt að fjölga keppendum um 1-2, þó þannig að það fjölgi ekki ráshópum.

Mótsstjórn er heimilt að setja reglur um sértækan þátttökurétt, t.d. að staða á stigalista ráði þátttökurétti, með vali keppenda af heimslísum atvinnumanna og áhugamanna og með vali boðsgesta. Keppendur sem öðlast þátttökurétt með þessum hætti vinna sér inn stig á stigalista.

#### 8. gr.

Hvert stigamót, að Íslandsmóti og Íslandsmóti í holukeppni undanskildum, skal vera að lágmarki 36 holar. Mótsstjórn skal kynna tilhögun mótsins í keppnisskilmálum og jafnframt auglýsa það með hæfilegum fyrirvara. Skytt er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst einn dag fyrir mót.

#### 9. gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta



æfingadegi.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í efsta sæti skal leikinn bráðabani. Ekki er leikið sérstaklega um önnur sæti. Þetta ákvæði á þó ekki við um Íslandsmótið í golfi, sbr. reglugerð um það mót.

#### 10. gr.

Í öllum mótum öðrum en lokamóti keppnistímabilsins eru stig reiknuð eins og fram kemur í viðauka I.

Fyrir lokamót keppnistímabilsins er stigalistanum endurraðað eins og fram kemur í viðauka II. Stig í lokamótinu eru reiknuð eins og fram kemur í viðauka II. Séu tveir eða fleiri keppendur jafnir fyrir endurröðunina skiptast þau stig sem til falla jafnt milli keppenda.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í stigamóti skiptast þau stig sem til falla jafnt milli keppenda. Í þeim tilvikum þegar leikið er um einstök sæti skulu stig sem tilheyra því sæti fara óskert til þess keppanda sem hlýtur sætið.

#### 11. gr.

Stigameistarar í flokki karla og í flokki kvenna eru þeir kylfingar sem eru efstir að samanlögðum stigum eftir lokamót keppnistímabilsins. Ef tveir eru jafnir telst sá sigurvegari sem efstur hefur orðið í fleiri mótum og ef þeir eru enn jafnir þá sigrar sá sem hefur lægra heildarskor úr stigamótunum. Fáist ekki úrslit með þessu móti ræður hlutkesti.

#### 12. gr.

Stigameistari golfklúbba í flokki karla og kvenna er sá golfklúbbur sem er efstur að sameiginlegum stigum þeirra kylfinga sem keppa í hvorum flokki fyrir hönd klúbbsins eftir lokamót keppnistímabilsins. Stjórn GSÍ hefur heimild til að setja reglur um fyrirkomulag keppinnar, þ.m.t. hámarksfjölda keppenda sem eru taldir til stiga í hvorum flokki.

#### 13. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

#### 14. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 12. apríl 2017.



## VIÐAUKI I Stigatöflur

Sæti	Vor- og haustmót	Sumarmót	Íslandsmót í holukeppni	Íslandsmót í golfi
1	1.000	1.200	1.333	1.500
2	700	840	933	1.050
3	550	660	733	825
4	450	540	600	675
5	400	480	463	600
6	360	432	463	540
7	330	396	463	495
8	300	360	463	450
9	270	324	280	405
10	250	300	280	375
11	230	276	280	345
12	215	258	280	323
13	200	240	280	300
14	185	222	280	278
15	170	204	280	255
16	160	192	280	240
17	150	180	133	225
18	140	168	133	210
19	130	156	133	195
20	121	145	133	182
21	113	136	133	170
22	106	127	133	159
23	100	120	133	150
24	95	114	133	143
25	91	109	133	137
26	87	104	133	131
27	84	101	133	126
28	81	97	133	122
29	78	94	133	117
30	75	90	133	113
31	72	86	133	108
32	69	83	133	104



33	66	79	99
34	63	76	95
35	60	72	90
36	58	70	87
37	56	67	84
38	54	65	81
39	52	62	78
40	50	60	75
41	48	58	72
42	46	55	69
43	44	53	66
44	42	50	63
45	40	48	60
46	38	46	57
47	36	43	54
48	34	41	51
49	32	38	48
50	30	36	45
51	28	34	42
52	26	31	39
53	24	29	36
54	22	26	33
55	20	24	30
56	19	23	29
57	18	22	27
58	17	20	26
59	16	19	24
60	15	18	23
61	14	17	21
62	13	16	20
63	12	14	18
64	11	13	17
65	10	12	15
66	9	11	14
67	8	10	12
68	7	8	11
69	6	7	9
70	6	7	8



**VIÐAUKI II**  
**Endurröðun og stig í lokamóti**

<b>Sæti</b>	<b>Endurröðun</b>	<b>Stig í lokamóti</b>
1	4.000	3.000
2	3.600	2.100
3	3.200	1.650
4	2.880	1.350
5	2.560	1.200
6	2.240	1.080
7	1.920	990
8	1.600	900
9	1.280	810
10	960	750
11	768	690
12	736	645
13	704	600
14	672	555
15	640	510
16	608	480
17	576	450
18	544	420
19	512	390
20	496	363
21	480	339
22	464	318
23	448	300
24	432	285
25	416	273
26	400	261
27	384	252
28	368	243
29	352	234
30	336	225
31	320	216
32	304	207
33	288	198



34	272	
35	256	
36	240	
37	224	
38	208	
39	192	
40	176	
41	164	
42	152	
43	140	
44	128	
45	116	